

# Bláfjöll.

(28. júlí kl. 10.00)

8. raðganga Ferðafélags Íslands um gosbeltið suðvestanlands verður farin n.k. sunnudag. Verður þá gengið um Bláfjöll, frá skíðasvæðinu við Kóngsgil að Draugatjörn undir Húsmúla, vestan við Kolviðarhól.

Fjallaklasinn vestur af Vífilfellinu nefnist einu nafni Bláfjöll. Það eru ekki nema um það bil 20 ár síðan að almenningur gerði sér grein fyrir tilvist þeirra og þá vegna þess að áhugamenn fóru að huga að tryggja svæði í nágrenni höfuðborgarinnar til að geta iðkað skíðaíþróttina áfallalaust.

Bláfjöllin eru mynduð við eldgos undir ísaldarjökli og er líklegt að gosin hafi verið mörg. Þar er að finna þykk lög af bólstrabergi, t.d. syðst í Jósefsdal og vestan í Hákolli. Uppi á fjallinu þekur grágrýti allstór svæði og þar má sjá stóra gíga, sem þessi grágrýtishraun hafa líklega runnið frá.

Allt þetta svæði er forvitnilegt til skoðunar, ekki síst fyrir þá, sem hafa áhuga á þessum fræðum. En Bláfjöllin bjóða upp á meira en jarðfræðina eina.

Upp af Kóngsgilinu er hæsti hnúkur Bláfjalla. Hann hefur ekki enn fengið nafn, en er jafnan kenndur við hæð sína 702 m y.s. Útsýnið af hnúknum er bæði vítt og mikið. Til norðurs og vesturs yfir höfuðborgarsvæðið, Snæfellsnes og norðanverðan Reykjanesskagann, en í austurátt yfir lágsveitir Suðurlands og þann fjallahring, sem umlykur þær.

Frá hæð 702 m verður gengið norður eftir fjallinu í átt til Ólafsskarðshnúka, sem eru nyrst í þeim að austanverðu. Hæðarhryggur gengur skáhallt eftir fjöllumum (SV-NA). Hefur hann verið nefndur Bláfjallahryggur og er best að fylgja honum sem mest, því þaðan er útsýnið best.

Þegar tekur að nálgast Ólafsskarðshnúkana fer Jósefsdalur að koma í ljós. Þetta er djúpur og þröngur smádalur er Vífilfell að norðan og Sauðadala- og Ólafsskarðshnúkar að austan og sunnan. Jósefsdalur er rennsléttur í botninn og sumarfagur. Sú sögn er varðandi nafnið á dalnum, að í fyrndinni hafi búið þar maður er Jósef hér. Hann var afburða smiður, en orðljótur fram úr hófi og því vel metinn hjá þeim í neðra. Eitt sinn keyrði orðbragð hans svo um þverbak að kölski sá sér ekki fært annað en að sökkva bænum og taka Jósef til sín með manni og mús. Eftir þetta hefur ekki verið búið í dalnum.

Árið 1936 byggðu félagar úr Glímufélaginu Ármanni skíðaskála í Jósefsdal. Stóð hann þar fram yfir 1970, en þá fluttu þeir starfsemi sína í Kóngsgil í Bláfjöllum. Skálinn í Jósefsdal var síðan rifinn og allt jafnað við jörðu. Sjást þar nú lítil ummerki um það mikla líf og starf, sem blómstraði í dalnum á þeim tíma.

Austan við Bláfjöll eru merkar eldstöðvar. Fast upp við þau er Leiti, gígur, sem mun hafa gosið fyrir um 4600 árum. Nú lætur hann ekki mikið yfir sér, en á sínum tíma mun þaðan hafa komið mikið hraun, sem rann í tveimur kvíslum. Önnur til norðurs og alla leið ofan í Elliðaárvog, en hin til suðurs ofan í Ölfus. Í nyrðri álmu Leitahrauns eru Rauðhólar, en Raufarhólshellir í þeirri syðri.

Austan við Bláfjöll eru tvær eldborgir, og hraunbreiður umhverfis þær. Frá þeim hafa hraun runnið um skarðið milli Sauðadalahnúka og Lambafells og breiðst út þar fyrir norðan. Þetta er Svínahraun, sem þjóðvegurinn austur fyrir fjall liggur eftir. Margt bendir til þess, að þessi hraun hafi runnið fyrir um 1000 árum og jafnvel, það syðra, árið sem kristni var lögtekin á Alþingi.

Frá nyrðri eldborginni liggur fallega mynduð hrauntröð langleiðina norður að vegi og er hún kjörin gönguleið svo langt sem hún nær.

Þessari gönguferð á að ljúka við Draugatjörn sunnan undir Húsmúla. Þar er rúst af gömlu sæluhúsi, sem var athvarf þreyttra ferðamanna á leið yfir Helligheiði, fram yfir miðja síðustu öld. En sökum þess, að mönnum fannst draugar ríðar þar húsum meira en eðlilegt þótti, var brugðið á það ráð að byggja sæluhús á Kolviðarhóli. Þar var ferðamönnum veitt þjónusta fram á miðja þessa öld. En sú saga verður ekki sögð hér. (Fróðleiksmolar um jarðfræði eru sóttir í rit Jóns Jónssonar jarðfræðings).

Tómas Einarsson